

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2020, mánudaginn 4. maí var haldinn 189. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var fjarfundur og hófst klukkan 10:31. Lárus Finnbogason, Diljá Mist Einarsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir taka þátt í fundinum. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram úrsagnarbréf Einars S Hálfðánarsonar til borgarstjórnar Reykjavíkur, dags. 13. apríl 2020.

Bókun endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd harmar að til þess hafi þurft að koma að Einar S Hálfðánarson, endurskoðunarnefndarmaður, hafi talið nauðsynlegt að segja sig úr nefndinni einkum vegna ágreinings um reikningsskil Félagsbústaða hf. Nefndin þakkar honum fyrir samstarfið og óskar honum alls hins besta.

2. Lögð fram að nýju umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 dags. 28. f.m. IE19110008.

Samþykkt með þremur atkvæðum gegn atkvæði Diljár Mistar Einarsdóttir að vísa umsögninni til borgarstjórnar.

3. Lagt fram að nýju minnisblað endurskoðunarnefndar til borgarráðs dags. 28. f.m. um reikningsskil Félagsbústaða hf. og mat á leiguíbúðum félagsins. IE20030011.

Lögð fram tillaga Diljár Mistar Einarsdóttur um að endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar samþykki að fela ytri endurskoðendum Félagsbústaða hf. að gera útreikning á virði fasteigna félagsins til að staðreyna virði þeirra. Virðingin fari fram í samræmi við ákvæði IAS 40.45 og taki mið af gildandi leigusamningum um eignirnar eins og áskilið er í staðlinum.

Greinargerð með tillögu:

Endurskoðunarnefndin lítur fram hjá því við ritun bréfs síns þann 28. apríl s.l. að eignir Félagsbústaða eru í langtímaleigu. Leigjendur félagsins eru ekki á förum. Flest eða öll félög sem eiga fasteignir til útleigu verðmeta eignirnar miðað við núvirði nettóleigutekna eins og vera ber. Enda eru fasteignirnar ekki til sölu. Í IAS 40.45 segir skýrum orðum að að bestu sönnunargögn um sannvirði séu venjulega söluverð á virkum markaði á svipaðri eign á sama stað og ástandi og með svipuðum leiguskiðum. Fasteignir Félagsbústaða eru ekki metnar með þessum hætti. Engin heimild er til þess í IAS 40 að nota skattmatsverð (e. cadastral value). Sú aðferð er til heimabruks og mun ekki standast skoðun. Ég óska þess að meirihluti nefndarinnar vísi nákvæmlega til slíkrar heimildar, telji hún hana fyrir hendi í staðlinum. Ekki eru efni til að elta ólar við ýmsar rangfærslur í bréfinu, heldur er einungis vikið að því sem að ofan greinir. Ég fer fram á að nefndin láti vinna slíkt mat sem IAS 40.45 kveður skýrt á um án tafar áður en ársreikningur Reykjavíkurborgar verður tekinn til endanlegrar samþykktar. Ákvæði IAS 40 sem vísað er til: *The best evidence of fair value is normally given by current prices on an active market for similar property in the same location and condition and subject to similar lease and other contracts.* [IAS 40.45] „*In the absence of such information, the entity may consider current prices for properties of a different nature or subject to different conditions, recent prices on less active markets with adjustments to reflect changes in economic conditions, and discounted cash flow projections based on reliable estimates of future cash flows.*” (IAS 40.46)

Tillagan felld með þremur atkvæðum gegn atkvæði Diljár Mistar Einarsdóttur.

Bókun Lárusar Finnbogasonar, Sigrúnar Guðmundsdóttur og Sunnu Jóhannsdóttur.

Reikningsskil Félagsbústaða hf., hafa hlotið ítarlega umfjöllun og þá sérstaklega sú reikningskilaaðferð félagsins að beita gangvirði á leigueignir þess. Ekki er tilefni til frekari umfjöllunar um reikningsskil Félagsbústaða hf.

Bókun Diljár Mistar Einarsdóttur

Óskað var eftir rökstuðningi fyrir afgreiðslu meirihluta nefndarinnar á tillögunni, með tilliti til IAS 40, en við því var ekki orðið.

Samþykkt með þremur atkvæðum gegn atkvæði Diljár Mistar Einarsdóttir að vísa minnisblaði endurskoðunarnefndar til borgarstjórnar.

Bókun Diljár Mistar Einarsdóttur

Ég er mótfallin bréfinu og geri verulegar athugasemdir við orðalag þess, sem er rangt. Það er m.a. vísað til þeirrar endurskoðunarnefndar "sem nú situr", sem er hugtak sem stenst enga skoðun, enda var bréfið ritað og tekið fyrir af hluta nefndarinnar á ólögætum fundi og til þess vísar orðalagið.

4. Önnur mál
Bókun Diljár Mistar Einarsdóttur

Ég geri alvarlega athugasemd við boðun og lögmæti fundar sl. viku.

Fundi slitið kl. 11:01

**Staðfest í tölvupósti
í samræmi við ákvæði reglna um fjarfundabúnað**

Lárus Finnbogason
Diljá Mist Einarsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sunna Jóhannsdóttir